



Skólaráðsfundur 18. maí. 2018

Fundinn sátu Kristín skólastjóri, Guðrún Helga Bjarnadóttir fulltrúi foreldra, Heiða fulltrúi starfsmanna, Sigríður Helga fulltrúi kennara, Telma Jeanne Bonthonneau fulltrúi nemenda og Sigríður aðstoðarskólastjóri ritar fundinn.

1. Skólastjóri kynnti dagskrá fundar.
2. Skólastjóri lagði fram nýja skólastefnu Austurbæjarskóla. Farið var yfir skólastefnuna með öllum fundarmönnum, sem áður höfðu fengið plaggið sent til yfirlestrar. Greint var frá hvaða athugasemdir höfðu áður komið fram og síðan var orðið gefið laust. Tekið var út eitt orð og síðan borið undir fundinn til samþykktar. Ný skólastefna Austurbæjarskóla var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
3. Skólastjóri kynnti breytingatillögu sem barst frá kennara varðandi skólareglu, þ.e. viðurlög við 2. stigs broti á skólareglu.

„Sá umsjónarkennari/kennari, sem verður vitni að agabrotinu hefur samband við foreldra. Verði starfsmenn vitni að 2. stigs agabroti koma þeir upplýsingum um það til umsjónarkennara nemandans. Umsjónarkennari tekur við málinu, hefur samband við foreldra og óskar eftir samstarfi við að aðstoða og styðja nemandann. Nemanda skal gefinn kostur á að tjá sig um málið. Atburðurinn er skráður í dagbók nemandans í Mentor.

Yfirgefi nemandi kennslustund án leyfis hringir kennari heim til nemandans, gerir grein fyrir brotthvarfinu og óskar eftir samstarfi við heimilið um að veita nemandanum tiltal“.

Breytingin er svohljóðandi:

Til 2. stigs agabrota telst:

- *særandi/niðrandi orðbragð/hæðni*
- *óhlýðni/neitar að fylgja fyrirmælum*
- *ósannsögli/svik/svindl*
- *áreiti/hrekkir/stríðni*
- *annað (s.s nemandi gengur út úr tíma)*

Sá umsjónarkennari eða kennari (kenni hann nemandanum), sem verður vitni að agabrotinu hefur samband við foreldra og óskar eftir samstarfi við að aðstoða og styðja nemandann. Nemanda skal gefinn kostur á að tjá sig um málið. Atburðurinn er skráður af kennara sem verður vitni að agabrotinu í dagbók nemandans í Mentor og tilkynnir hann umsjónarkennara um málið.



Verði starfsmenn/kennarar (sem ekki kenna nemandanum) vitni að 2. stigs agabroti koma þeir upplýsingum um það til umsjónarkennara nemandans. Umsjónarkennari tekur við málinu, hefur samband við foreldra og óskar eftir samstarfi við að aðstoða og styðja nemandann. Nemanda skal gefinn kostur á að tjá sig um málið. Atburðurinn er skráður af umsjónarkennara í dagbók nemandans í Mentor.

Yfirgefi nemandi kennslustund án leyfis hringir kennari heim til nemandans, gerir grein fyrir brotthvarfinu og óskar eftir samstarfi við heimilið um að veita nemandanum tiltal.

Fram kom á fundi fyrr í vetur að erfitt væri fyrir kennara að bregðast við núverandi reglu, þar sem ekki allir hafi aðgang að öllum nemendahópum. Aðilar skólaráðs voru spurðir hvort þeir hafi athugasemdir við þessa breytingatillögu. Engin athugasemd. Tillagan var borin undi samþykkt fundar og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Skólastjóri kynnti niðurstöður úr skólapúlssi. Niðurstöður benda til að hægt er að bæta og vinna markvisst með ákveða þætti. Samanburðarskýrsla mun liggja fyrir á næsta fundi. Aðeins var farið yfir stöðu matarmála, kokk og krydd.
5. Skólastjóri kynnti drög að dagskrá á vorhátíð. Hugmynd kom frá foreldrum um að láta búa til fána með framtíðarsýn Austurbæjarskóla. Síðan munu árgangar kynna skólastarfið á ýmsan hátt. Allir árgangar fá ákveðið hlutverk. Frístund, 100 og 1 munu taka þátt og kynna sumarstarfið og sjá um samvinnuleiki á vorhátíðinni. Fastir liðir eins og venjulega, fánar, lúðrasveit og skróðganga.

Skólastjóri hefur sent smá „vakningu“ og síðan mun fara út í pósti og á heimasíðu, dagskrá þegar hún hefur tekið á sig lokamynd.

6. Önnur mál. Guðrún Helga lagði fram ósk um að vinna við mótun skólastefnu yrði kynnt sem víðast og vakin athygli á sérstöðu vinnunnar, ferlisins og hverjir höfðu aðkomu að vinnunni. Skólastjóri sagði frá fyrirhugaðri útgáfu bæklinga, kynningu á skólanum og stefnunni og sagðist myndi skrifa um stefnumótunina og vinnuna í Miðbæjarblaðið, til að halda þessu á lofti. Síðan skipti máli að festa þetta verklag í sessi með reglulegum lýðræðisþingum.

Næsta mál sem Guðrún Helga lagði fram hafði þann formála að í gegnum vinnu sína hjá Blátt áfram (samtökum) þá hafi hún séð fjölgun nemendamál, sérstaklega á miðstigi, Skólar væru margir hverjir vanmáttugir gagnvart ofbeldi af þessu tagi. Hún spurði hvernig málum væri háttað í Austurbæjarskóla. Skólastjóri sagði að á heimasíðu sé skjal þar sem lýst sé verkferlum ef fullorðinn innan skólans brýtur á barni. Hins vegar yrði slíkt ævinlega tilkynnt til Barnaverndar og leitað til sérfræðinga ef um börn væri að ræða. Mikilvægt er að fræða nemendur á öllum aldurstigum. Guðrún Helga sagði brýnt að kennarar sýndu nemendum myndina „Leyndarmálið“ í 3. bekk. Skólastjóri tók undir það og sagði frá því að í 1. bekk er



skólahjúkrunarfræðingur með fræðslu, „Brúðuleikhúsið“ er verkefni í 2. bekk. Myndin „Stattu með þér“ í 5. bekk (sjá heimasíðu Velferðarráðuneytisins). Ef foreldrar vilja ekki að börn fái þessa fræðslu þá varðar það við barnaverndarlög. Skólastjóri sagði að það væri mikilvægt að setja upplýsingar varðandi þessa ferla og verklag á nýja heimasíðu. Skólastjóri kynnti (úr drögum) hvar þetta mál er varðar velferð barna kæmi inn í nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar.

7. Heiða spurði hvernig staðan væri á merkingum og lýsingu á skólalóðinni. Skólastjóri sagði að hún væri búin að senda erindi frá sér til framkvæmdasviðs og því hafi verið svara að það kæmi maður að mæla. Ekki hefur sést til hans. Skólastjóri sagðist hafa ítrekað erindið í þarfagreiningu sem fór á SFS, rætt þessi mál á fundi með borgarstjóra og fleiri fundum. Þá sagði skólastjóri að í lok fundar þá yrði send enn önnur áminning.
8. Heiða spurði hvernig staðan væri á reglum er varða símanotkun. Hvort það hafi farið fram umræða í skólasamfélaginu? Fram kom hugmynd um að taka málið fyrir á lýðræðisþingi.
9. Guðrún Helga kom með fyrirspurn frá foreldrum varðandi próf og prófadaga. Felldar eru niður valgreinar á prófadögum. Prófadagar eru ekki framtíðin hér.

Fundi slitið kl. 9.40